

Fréttabréf

Desember 2006

Verkalýðsfélags Akraness

Netföng: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is

Hækkun lágmarkstaxta til samræmis við markaðslaun: Forgangsverkefni í næstu kjarasamningum

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness hefur að undanfögnu verið að benda á það að í næstu kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði þurfi að hækka lágmarkslaun til samræmis við þau markaðslaun sem eru í gildi á vinnumarkaðnum í dag. Þessi skoðun formannsins er byggð á þeirri staðreynd að markaðslaunin eru í verulegri hættu vegna þess að aðgengi atvinnurekanda að ódýru vinnuafli erlendis frá er afar auðvelt um þessar mundir. Í dag telur Vinnuálastofnun að um 20 þúsund erlendir starfsmenn séu á íslenskum vinnumarkaði. Að mati formanns félagsins er ljóst að þetta mikla innstreymi af ódýru vinnuafli frá Austur - Evrópu ógnar því markaðslaunakerfi sem verið hefur við lýði á Íslandi á undanförunum áratugum.

Hækkun lágmarkstaxta um 43%

Starfsgreinasamband Íslands lét gera könnun á meðal félagsmanna aðildarféлага SGS í haust. Í þeirri könnun kom fram að dagvinnulaun karla eru að meðaltali 176 þúsund krónur á mánuði. Lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu í dag eru 123 þúsund á mánuði sem þýðir að lágmarkstaxtar þyrftu að hækka um 43%.

Að undanfögnu hafa margir orðið til að taka undir hve mikilvægt er að hækka lágmarkstaxta upp að markaðslaunum. Þar á meðal eru Magnús Þór Hafsteinson þingmaður Frjálslynda flokksins



Kveikt á jólatrénu á Akragarði þann 2. desember s.l.

Ljósmynd: Friðbjófur Helgason.

sem hefur bent á að áriðandi sé fyrir verkalýðshreyfinguna að verja markaðslaunin og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þingmaður Samfylkingarinnar hefur lýst því yfir að hún telji nauðsynlegt að hækka verði lágmarkstaxta til samræmis við markaðslaun.

„Það er ánægjulegt að stjórnálamenn séu mér sammála um að verja þurfi markaðslaunin hjá íslensku verkafólki í næstu kjarasamningum,“ segir Vilhjálmur Birgisson. „Nú er bara að vona að forystumenn í verkalýðshreyfingunni séu einnig sammála því að þetta sé forgangsverkefni í næstu kjarasamningum.“

Fátæktargildra

Í ljósi þeirra umræðu sem hefur orðið síðustu vikur um fátækt segir Vilhjálmur að einhverju leyti megji rekja hana til þeirra lágmarkstaxta sem laun eru greidd eftir.

„Það sér það hver maður að það er nánast útilokað að lifa á þeim lágmarkslaunum sem nú eru í gildi á íslenskum vinnumarkaði. Þau eru ekkert annað en fátæktargildra sem alltof margir sitja í. Það er alls ekki hægt að bjóða íslensku verkafólki upp á lágmarkslaun sem vart duga til framfærslu,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Verkalýðsfélag Akraness

óskar öllum félagsmönnum og öðrum bæjarbúum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári





Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 09:00-16:00. Utan afgreiðslutíma félagsins er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 865-1294.

Þjónusta við félagsmenn

Skrifstofa félagsins annast alla þjónustu fyrir félagsmenn, svo sem aðstoð vegna launa og kjaramála, upplýsinga um réttindi vegna veikinda og slysa, útleigu orlofsbúða og orlofshúsa. Til skrifstofunnar geta félagsmenn leitað eftir upplýsingum og annarri aðstoð. Fundaraðstaða er að Sunnubraut 13 en allir stærri fundir eru haldnir í húsnæði félagsins að Kirkjubraut 40.

Félagsgjöld

Skrifstofa félagsins annast innheimtu á félagsgjöldum og skyldum gjöldum. Félagsgjald er 1% af launum og skila launagreiðendur því ásamt sjúkra-sjóðs-, orlofssjóðs- og starfsmennta-sjóðsgjöldum til félagsins.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is
Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is
Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is

Ókeypis lögfræðiþjónusta

Minnt er á að félagsmenn geta fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins með því að panta sér viðtalstíma á skrifstofu félagsins í síma 430-9900.

Útrýmum fátækt í íslensku samfélagi



Í skýrslu sem forsætisráðherra lét gera um fátækt barna hér á landi kemur fram að um 4600 börn eða rétt tæp 7% allra barna á Íslandi búa við fátækt. Hjálparstofnun Kirkjunnar hefur einnig sagt að um 3000 barnafjölskyldur búi við fátækt á Íslandi í dag. Það er þjóðarskömm að hér á landi skuli tæplega 7% barna búa við fátæktarmörk og það hjá þjóð sem státar sig af því að vera ein af ríkustu þjóðum heims.

Hvað veldur því að á Íslandi skuli svo margar fjölskyldur búa við fátækt? Margir samverkandi þættir valda því að fólk býr við fátækt og má þar nefna atvinnuleysi og langvarandi veikindi. Sumir búa við skerta starfsorku og einnig er rétt að nefna þær erfiðu aðstæður sem einstæðir foreldrar búa við.

Það eru fleiri þættir sem orsaka fátækt hér á landi og þar koma íslensk stjórnvöld við sögu. Við leggjum mun minna en aðrar Norðurlandþjóðir til velferðarmála. Barnabætur á Íslandi eru með þeim lægstu sem greiddar eru á Norðurlöndunum. Þar þekktist heldur ekki að tekjutengja barnabætur eins og hér er gert. Og ekki er nóg með að barnabætur séu tekjutengdar hér á landi heldur eru skerðingamörkin afar lág. Einnig ber að nefna að skattleysismörkin hafa ekki fylgt verðlagsþróun sem hefur gert það að verkum að skattar á meðaltækjur og lágur tekjur hafa aukist umtalsvert á síðustu árum. Á sama tíma hefur ekki staðið á ríkisvaldinu að hygla þeim efnameiri og nægir þar að nefna að hátekjuskattur og eignaskattur hafa nýlega verið aflagðir.

Rétt er þó að vekja athygli á því að þegar endurskoðun á kjarasamningum fór fram í sumar náði verkalýðshreyfingin samkomulagi við ríkisstjórnina um að skattleysismörkin skuli framvegis fylgja verðlagsþróun. Þetta er mjög mikilvægt atriði fyrir þá tekjulægstu.

Ljóst er að ef ríkisstjórn Íslands verði meiri fjármunum til velferðarmála myndi það draga úr fátækt. Verkalýðshreyfingin verður líka skoða það sem að henni snýr sem er að knýja fram

mannsæmandi lágmarkslaun. Það hefur verið skoðun mín lengi að þau séu einfaldlega allt of lág. Ekki þýðir fyrir forystu verkalýðshreyfingarinnar að benda eingöngu á ríkisvaldið þegar umræðan um fátækt ber á góma. Hver maður sér að nánast er útilokað að lifa á þeim lágmarkslaunum sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Það er alls ekki hægt að þjóða íslensku verkafólki upp á laun sem vart duga til framfærslu. Forgangskrafa í næstu kjarasamningum verður að vera að hækka lágmarkslaun til jafns við þau markaðslaun sem nú eru greidd á íslenskum vinnumarkaði. Til að það takist þurfa laun að hækka í það minnsta um 43% við undirritun nýs kjarasamnings.

Íslensk stjórnvöld, samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin þurfa að leggjast á eitt til að útrýma fátækt í íslensku samfélagi. Stjórnvöld þurfa að verja meiri fjármunum til velferðarmála og verkalýðshreyfingin þarf að berjast með oddi og egg fyrir nauðsynlegri hækkun lágmarkslauna. Þannig mun takast að útrýma fátækt í íslensku samfélagi.

Ég óska félögum okkar gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

Vilhjálmur Birgisson
formaður Verkalýðsfélags Akraness



Nr 4. 2. árgangur 21. desember 2006

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430-9900 Fax: 430-9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm: Vilhjálmur Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands

www.vlfa.is

Öflugt verðlagseftirlit á Akranesi

Þann 1. mars nk. verða gerðar breytingar á opinberum álögum á matvöru þegar matarskatturinn svokallaði verður lækkaður úr 14% niður í 7%. Mikilvægt er að þessar aðgerðir stjórnvalda skili sér til heimila í landinu í formi lægra vöruverðs í verslunum.

Til að fylgjast með því að hvaða leyti þessi lækkun skilar sér í vasa neytenda hefur verðlagseftirlit ASÍ, í samráði við aðildarfélög sín, hrundið af stað viðamiklum verðkönnunum um allt land. Þessar kannanir verða framkvæmdar reglulega fram á mitt næsta ár. Tilgangurinn er fyrst og fremst að fylgjast með þeim breytingum sem verða á vöruverði innan hvernar verslunar á næstu mánuðum en síður að bera saman verð á milli einstakra aðila.

Starfsmaður á vegum Verkalýðsfélags Akraness hefur þegar farið í allar verslanir á Akranesi í þessum tilgangi og var vel tekið á öllum stöðum. Þegar



Sunnudaginn 17. desember var opnuð ný verslun Krónunnar á Miðbæjarreitnum. Eins og í öðrum verslunum á Akranesi var tekið vel á móti starfsmanni félagsins sem fylgist með vöruverði verslana.

gagnasöfnun er lokið verða niðurstöður mælinganna birtar á heimasíðu félagsins um leið og þær liggja fyrir.

Áætlað er að umrædd lækkun á virðisaukaskatti eigi að geta skilað neytendum

um 6-7 milljörðum á ári. Því er afar mikilvægt að halda úti öflugtu eftirliti þannig að umrædd virðisaukalækkun skili sér í vasa neytenda en ekki til verslunareigenda.

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum
jólakveðju og óskar
þeim velfarnaðar á
komandi ári




FESTA - LÍFEYRISSJÓÐUR

óskar félagsmönnum
Verkalýðsfélags
Akraness gleðilegra
jóna og farsældar
á nýju ári

 **FESTA** LÍFEYRISSJÓÐUR

Festa - lífeyrissjóður: Sameinaður sjóður Lífeyrissjóðs Vesturlands og Lífeyrissjóðs Suðurlands



Vefur VLFA Virkur upplýsingamiðill sem höfðar til félagsmanna

Vefurinn birtir fréttir af samninga-
viðræðum og öðrum viðfangsefnum
stjórnar og ýmissa nefnda á vegum
félagsins og eru upplýsingar upp-
færðar um leið og staðan breytist.
Hægt er að senda inn fyrirspurnir á
vefinn og er þeim svarað greiðlega á
netfang spyrjenda.
Á vefnum er að finna allar þær upp-
lýsingar sem félagsmenn þurfa á að
halda.

www.vlfa.is



Frá Akratorgi á adventunni.
Ljósmynd: Hilmar Sigvaldason

Festa- lífeyrissjóður varð til við sam-
einingu Lífeyrissjóðs Vesturlands og
Lífeyrissjóðs Suðurlands árið 2006.
Við sameininguna runnu saman tveir
öflugir sjóðir með rúmlega 9 þúsund
greiðandi sjóðfélaga og um 4 þúsund
lífeyrisþega. Sameiginlegur sjóður hef-
ur betri möguleika á að standa undir
skuldbindingum sjóðanna til framtíðar
og er auk þess betur í stakk búinn til að
veita sjóðfélögum þá þjónustu sem nú
er krafist af lífeyrissjóðum.

Meginhlutverk Festu - lífeyrissjóðs er
að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mök-
um þeirra og börnum lífeyri. Sjóðurinn
tryggir sjóðfélögum sínum ellilífeyri til
æviloka, örorkulífeyri vegna lengri eða
skemri örorku og makalífeyri vegna
andláts maka auk barnalífeyris. Sjóð-
félögum býðst einnig að ávaxta frjálsan
séreignarsparnað sinn hjá sjóðnum.

Hluti af starfsemi Festu - lífeyrissjóðs eru
lánveitingar til sjóðfélaga. Lánareglur
sjóðsins eru kynntar á heimasíðu sjóðs-
ins www.festa.is og einnig er þar hægt
að reikna út kostnað og afborganir
lána.



Skrifstofur sjóðsins á Akranesi eru að
Kirkjubraut 40.

Festa - lífeyrissjóður starfrækir þrjár
skrifstofur. Aðalskrifstofa sjóðsins er að
Tjarnargötu 12 í Reykjaneshöfn en einnig
eru skrifstofur sjóðsins að Kirkjubraut
40 á Akranesi og Austurvegi 38 á Sel-
fossi. Símanúmer sameinaðs sjóðs er
420-2100.

Frekari upplýsingar er að finna á
heimasíðu sjóðsins, www.festa.is.

Desemberuppþót: Færð þú það sem þér ber?

Verkalýðsfélag Akraness hvetur félags-
menn sína til að fylgjast vel með hvort
desemberuppþót sé rétt greidd. Endilega
hafið samband við skrifstofu félagsins
og fáið upplýsingar séu þið ekki viss
hver réttur ykkar er.

- Almennur markaður .. 40.700 kr.
- Samiðn 40.700 kr.
- Ríkissamningurinn 40.700 kr.
- Akraneskaupstaður..... 59.729 kr.
- Norðurál:..... 99.605 Kr.
- Íslenska járnblendioð ... 99.605 kr.
- Klafi 99.605 kr.
- Fang..... 99.605 kr.
- Sementsverksm. 80.340 kr.

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi:

Starfsfólk með skemri starfstíma
skal fá greitt hlutfallslega miðað við
starfstíma sinn. Þá á starfsmaður sem
lætur af starfi á árinu vegna aldurs eða
eftir 12 vikna samfelld starf hjá sama
vinnuveitanda á árinu rétt á að fá, við
starfslok, greidda desemberuppþót mið-
að við starfstíma og starfshlutfall á ár-
inu.

www.vlfa.is

Verkalýðsfélagið kemur færandi hendi

Í lok síðasta árs gerði Verkalýðsfélag Akraness samning við Landsbankann á Akranesi um öll bankaviðskipti félagsins. Í einu ákvæði samningsins er kveðið á um að Landsbankinn greiði félaginu kr. 500.000 í sérstakan sjóð sem nota á til að styrkja góðgerðarmál á félagssvæði Verkalýðsfélags Akraness. Á þessu fyrsta ári styrktarsjóðsins hafa samtök og félög notið góðs af greiðslum úr sjóðnum.

Það er félagsmönnum og öðrum íbúum svæðisins afar mikilvægt að hér sé öflug björgunarsveit til taks alla daga ársins

og var ákveðið að veita Björgunarfélagi Akraness 100.000 kr. styrk úr sjóðnum.

Starfsmenn í Fjöliðjunni á Akranesi eru allflestir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Akraness. Þar er verið að vinna mikilvert og gott starf fyrir þá einstaklinga sem þar starfa. Fjöliðjunni voru veittar styrkur að upphæð kr. 100.000.

Hjálparstarf Akraneskirku rekur styrktar- og líknarsjóð sem hefur aðstoðað þá sem hafa átt við langvarandi veikindi að stríða og aðra sem minna mega sín. Það

eru ekki allir sem geta haldið gleðileg jól og því er mikilvægt að sjóður sem þessi fái að vinna að sínum mikilvægu verkefnum. Sjóðurinn fékk úthlutað 100.000 kr. úr styrktarsjóði VLFA.

Í ljósi þeirra staðreynda að töluverður fjöldi ungra félagsmanna VLFA hefur nýtt sér þjónustu Unglingadeildar SÁÁ ákvað stjórn félagsins fyrir í vetur að veita úr styrktarsjóði félagsins kr. 100.000 í þetta þarfa verk.

Að auki hafa ýmsir aðrir aðilar fengið úthlutanir úr umræddum styrktarsjóði.



Sr. Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur á Akranesi og Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA.



Helga María Heiðarsdóttir sem stýrir ungingadeild Björgunarfélags Akraness tók við styrkinum frá VLFA fyrir hönd félagsins.

Aftur í nám

Nú í haust hefur 13 manna hópur stundað nám sem kallast „Aftur í nám“ á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Þann 7. desember s.l. útskrifuðust 11 nemendur af þessum 13 en tveir munu ljúka námi síðar í mánuðinum. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er uppá slíkt nám hér á Vesturlandi. Verkalýðsfélag Akraness tók þátt í því að styrkja þetta verkefni sem Símenntunarstöðin stóð fyrir af miklum myndarskap.

„Aftur í nám“ er 95 kennslustundir og er metið til allt að 7 eininga í framhaldsskóla. Markmiðið með náminu er að styrkja fullorðna sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika til að takast á við frekara nám og/eða geta mætt auknum kröfum í atvinnulífinu. Námskráin er samin af Mími símenntun en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér um framkvæmd verkefnisins í samstarfi við fræðslu og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Sú sem hafði veg og vanda af þessu verkefni er Erla Olgeirsdóttir.

Óskum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

BJARMAR EHF Kalmansvöllum 3 S: 431-3700

VIGNIR G. JÓNSSON HF Smiðjuvöllum 4 S: 431-5000

MODEL Stillholti 18 S: 431-3333

JÓN Þ. HALLSSON Smiðjuvöllum 7 S: 430-2400

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS Stillholti 23 S: 431-3099

HARÐARBAKARÍ Kirkjubraut 54 S: 431-2399

TRÉSM. ÞRÁINS E. GÍSLASS. Hafnarbraut 8 S: 430-3660

SMURSTÖÐ AKRANESS Smiðjuvöllum 2 S: 431-2445

OLÍUFÉLAGIÐ EHF ESSO Breiðargötu 1 S: 431-1394

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ Dalbraut 6 S: 431-1500

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS Stillholti 16-18 S: 560-5075

UPPHEIMAR Vesturgötu 45 S: 863-4972

*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*



Akraneskaupstaður

smellinn

FORSTEYPTAR EININGAR

ÍSTAK

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM



**GLUGGA- OG
GLERHÖLLIN**

**HÍBÝLAMÁLUN
GARÐARS JÓNSSONAR EHF**

Símar: 431 2646 • 431 4056 • 896 2356



**BLIKKSMIÐJA
GUÐMUNDAR J.
HALLGRÍMSSONAR ehf.**



nordanfiskur



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



GT Tækni ehf.
Grundartanga – 301 Akranesi



HB GRANDI



LAUGAFISKUR HF



www.rettindi.is

www.rettindi.is er vefur um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði þar sem er að finna gagnlegar upplýsingar.

Launaseðlar

Öllum launagreiðslum skal fylgja launaseðill. Við hvetjum þig til að skoða hann vel og ef þú telur að launaseðill þinn sé ekki réttur eða þú skilur hann ekki, hafðu þá samband við trúnaðarmann eða stéttarfélag.

Eftirfarandi þarf að koma fram á launaseðli:

- Nafn launamanns og kennitala
- Nafn launagreiðanda og kennitala
- Launatímabil
- Taxti (dagvinna, yfirvinna, bónus)
- Fjöldi vinnustunda
- Orlof
- Lífeyrissjóður
- Viðbótarlífeyrissjóður
- Opinber gjöld
- Persónuafsláttur
- Félagsgjöld
- Samtals laun
- Samtals frádráttur
- Útborguð laun

Geymdu launaseðilinn!

Jafnaðarkaup

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé viðhöfð venja hjá fyrirtækinu að greiða fólki jafnaðarkaup þá skalt þú fá forsendur útreikninga og kanna þær vel. Reynsla okkar hjá verkalyðshreyfingunni er sú að forsendur útreikninga eru oft rangar. Það er vel þekkt að ungu fólki er boðið jafnaðarkaup og síðan vinnur það einungis um kvöld og helgar. Þá tapar launamaður á jafnaðarkaupi.

Laun starfsmanna Norðurlands hækka um 3,65% um næstu áramót

Laun hjá Norðurlandi munu hækka um 3,65% frá og með næstu áramótum. Einnig mun koma 500 kr. aukahækkun ofan á launataxta hjá verkamönnum, nánar til tekið hjá þeim sem taka laun eftir launaflokki 112 og 212.

Samkvæmt kjarasamningi Norðurlands áttu laun að hækka um 3% um næstu áramót. Í kjarasamningi Norðurlands var hins vegar kveðið á um að ef aðilar vinnumarkaðarins myndu ná samkomulagi um breytingu á launaliðum kjarasamninga vegna endurskoðunar á kjarasamningum á árinu 2005 og 2006 þá skuli það einnig gilda fyrir kjarasamning Norðurlands.

Á árinu 2005 náðist samkomulag á milli ASÍ og SA sem fólst í því að félögum Alþýðusambandsins sem eiga aðild að kjarasamningum við SA hækka um 0,65% í janúar 2007 til viðbótar við þá hækkun sem kveðið er á um í einstökum samningum.

Almennt munu laun hækka um 2,9% um næstu áramót. Þó má geta þess að laun starfsmanna sveitarfélaga hækka um 3% um næstu áramót. Þessi umframhækkun hjá Norðurlandi er liður í því að brúa það launabil sem er á milli Norðurlands og þeirra verksmiðja sem eru í sambærilegum iðnaði.



Frá Grundartangahöfn.

Ljósmynd: Eiríkur Kristófersson.

Vetrarleiga orlofshúsa 2006–2007

Bústaðir í útleigu í vetur eru í Húsafelli, Svínadal, Hraunborgum, Ölfusborgum og á Akureyri og í Stykkishólmi. Helgin kostar 9.000 kr. fyrir félagsmenn og er þá miðað við þrjár nætur, þ.e. frá föstudegi til mánudags. Aukanótt kostar 2.000 kr. og heilar vikur 16.000 kr.

Breytingar frá síðasta vetri eru þær helstar að stjórn orlofssjóðs hefur ákveðið að bjóða upp á eina af íbúðum félagsins á Akureyri í vetrarleigu til félagsmanna. Áður hafa allar íbúðirnar verið í fastri vetrarleigu yfir vetrartímann. Síðasta vetur var orlofsíbúðin í Stykkishólmi aðeins í boði um helgar en nú býðst félagsmönnum að leigja frá einni nótt upp í viku eins og hægt er í öðrum orlofshúsum félagsins. Er það von stjórnarinnar að félagsmenn njóti góðs af þessum breytingum.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu félagsins í alla bústaðina nema í Ölfusborgir. Gert er ráð fyrir að leigutakar gangi frá leigusamningi og greiði leigugjaldið



Heiti potturinn við bústaðinn í Ölfusborgum.

í síðasta lagi þremur dögum fyrir brottför. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins, nema í Stykkishólmi og á Akureyri, þar eru þeir afhentir hjá umsjónarmanni gegn framvisun leigusamnings.

Þeir sem vilja fá bústað í Ölfusborgum þanta hann hjá Afgreiðslu Ölfusborga í síma 483-4260 og fá nánari upplýsingar þar um fyrirkomulag greiðslu og afhendingu lykla.

Gleðileg jól



© 2014 LANDSBANKINN. ALL RIGHTS RESERVED.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is